LERKIHOLT í Rangárþingi ytra
Deiliskipulag íbúðar- og útihúsa



Deiliskipulagsuppdráttur mkv. 1:2.000.



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022.
Mkv. 1:50.000.

GREINARGERÐ

1. INNGANGUR

Skipulagssvæðið

Deiliskipulagið nær yfir Lerkiholt (landnr. 195063), landspildu úr landi Meiri-Tungu. Spildan er um 25 ha. Deiliskipulagið tekur til byggingar íbúðarhúss, skemmu og geymslu. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022 þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Kortagrunnar

Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.
Grunngögn eru IS50v frá Landmælingum Íslands.
Hnitsetning: ISN93.

Skipulagsgögn

i. Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:2.000.
ii. Skýringaruppdráttur í mælikvarða 1:4.000 sem sýnir hugmyndir um staðsetningu húsa og aðkomu að svæðinu.
iii. Afstöðumynd í mælikvarða 1:50.000 sem er hluti af aðalskipulagsuppdrætti fyrir Rangárþing ytra 2010-2022.

Fornminjar

Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins.

2. LÝSING DEILISKIPULAGS

Aðkoma

Aðkoma að Lerkiholti er af Ásvegi nr. 275, um veg að gámavelli og núverandi aðkomuveg.

Byggingar

Innan byggingareits er heimilt að byggja allt að 150 m² íbúðarhús, allt að 50 m² gestahús og skemmu/hesthús sem getur verið allt að 200 m². Mænishæð á skemmu getur verið allt að 6 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin. Mænishæð annarra húsa getur verið allt að 5 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin.

Vatnsveita

Byggingar tengjast vatnsveitu Ásahrepps og Rangárþings ytra.

Frárennsli

Frárennsli verður leitt í hreinsivirki. Frágangur skal vera samkvæmt reglugerð um fráveitur nr. 798/1999.

Rafveita

Byggingar tengjast dreifikerfi RARIK. Lagnir skulu fylgja vegum eftir því sem við verður komið.

3. ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Mænisstefna er frjáls.



Skýringaruppdráttur mkv. 1:4.000.

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var sam-þykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann _____

f.h. Rangárþings ytra

_____

STEINSHOLT

LERKIHOLT

Deiliskipulag

Suðurlandsvegi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.steinsholtsf.is	Verk: 8614 DI144	Dags: 17.04.2013
	Mkv: 1:2.000 / 1:4.000	Breytt:
	Blaðstærð: A2	
Hannað: GG, ÁJ, IS Teiknað: IS	Samþykkt:	